

Námsefni	Hæfniviðmið
<p>Stærðfræði Haust 2023 - vor 2024</p> <p>6.bekkur Kennari: Ólafur Jens</p> <p>3 tímar í töflu á viku allan veturinn</p> <p>3 vikna lota á haustönn í aðalkennslustund</p> <p>2 x 3 vikna lota á vorönn í aðalkennslustund</p> <p>-----</p>	<p>Sjá heimasíðu Waldorfskólans: (Hæfniviðmið) og Aðalnámskrá grunnskóla.</p> <p>Að nemandi geti leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.</p> <p>Að nemandi geti túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli tákn máls og daglegs máls.</p> <p>Að nemandi geti tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.</p> <p>Að nemandi geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.</p>
<p>Kennsla Haust 2023 - vor 2024</p> <ul style="list-style-type: none"> - Tölur og reikningur - Líkur - Tugabrot - Rúmfræði <p>Loturnar nýtast í að skerpa á þekkingu, rifja upp og leggja inn erfiðari og flóknari hugtök.</p> <p>Kennsluáætlanir fyrir lotur í aðalkennslustund eru birtar sérstaklega.</p>	<p>Að nemandi geti rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum og orðum.</p> <p>Að nemandi geti rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.</p> <p>Að nemandi geti notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni. Að nemandi geti sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.</p> <p>Að nemandi læri um hlutföll í landakortum og geti nýtt sér þekkingu sína í ratleikjum.</p> <p>Að nemandi æfi sig í að setja brot og tugabrot á talnalínu.</p> <p>Að nemandi teikni geometrísk form fríhendis.</p>

Allt efni er skv.
Aðalnámskrá grunnskóla.

Námsmat

Vinnumat kennara.

Vinna í vinnubók.

Þátttaka og frumkvæði í tímum.

Áhugi og skilningur.

Efni

Stíka 2A

Stærðfræði - í Waldorf kennslustofunni - efni frá kennara.

Verkefni

Sjálfstæð vinna, hópverkefni, úrvinnsla úr gögnum, þrautir og leikir.